

Alþingi
Landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

26.2. 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða, 621. mál.

Frumvarpið eykur heimildir landbúnaðarráðherra til úthlutunar á innflutningi á tollfrjáls landbúnaðarafurðum, en nýlegir samningar við ESB um aukinn innflutning landbúnaðarafurða án magn- og verðtolla kalla á breytingar á bæði tollalögum nr. 88/2005 og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993.

Baksvið þeirra breytinga sem í frumvarpinu felast er almenn óánægja með hátt matvælaverð hér á landi. Ítarleg greining á ástæðum þess var m.a. birt í skýrslu Hagstofustjóra í júlí 2006 þar sem fram kom að háir tollar á innfluttar landbúnaðarvörur léku þar megin hlutverk. Fjölmargar aðrar skýrslur hafa leitt í ljós sömu niðurstöðu, þótt ýmsar aðrar skýringar komi einnig til. Ríkisstjórnin ákvað síðan þann 9. október 2006 að grípa til margháttaðra aðgerða til þess að lækka matvælaverð hér á landi og var sú stefnumörkun sett fram að aðgerðirnar skilðu 16% lækkun matvælaverðs og þegar áhrif þeirra væru komin fram yrði matvælaverð á Íslandi orðið sambærilegt við meðalverð á matvælum á Norðurlöndunum. Aðgerðirnar voru í fimm liðum, þ.e. lækkun virðisaukaskatts á matvæli og veitingaþjónustu, afnám vörugjalda á flest matvæli, tímabundin verðstöðvun á mjólkurafurðum og lækkun tolla á innflutt matvæli. Samkvæmt mati Hagstofunnar frá 19. janúar 2007 gefur lækkun virðisaukaskatts á matvæli og afnám vörugjalda tilefni til 8,7% lækkunar á matvælaverði. Lækkun virðisaukaskatts á veitingaþjónustu gefur tilefni til 8,8% lækkunar meðalverðs á veitingalið vísitölu neysluverðs sem umreikna má til 3,2% lækkunar matvælaliðarins. Þá hafa stjórnvöld metið verðstöðvun á mjólkurafurðum til ígildis 0,8% lækkunar matvælaliðarins. Samanlagt má því meta þessar aðgerðir til ígildis 12,7% lækkunar matvælaverðs og er því ljóst að lækkun tollverndar landbúnaðarafurða þarf að skila verulegum verðlækkunum til þess að markmið ríkisstjórnarinnar náist um 16 % lækkun matvælaverðs af völdum þessara aðgerða.

Landbúnaðarráðuneytið hefur haft þá framkvæmd á úthlutun tollkvóta að bjóða þá upp meðal innflytjenda. Í júní 2006 voru tollkvótar fyrir tímabilið júlí 2006-júní 2007 boðnir út og var niðurstaðan m.a. sú að meðalverð á tollkvóta fyrir innflutt alifuglakjöt var 719 kr. á kílóíð en til samanburðar var FOB-verð innflutts beinlauss fuglakjöts 429 kr. á árinu 2005 og sá magntollur sem felldur var niður nam 1.000 kr. á kílóíð. Uppboðsfyrirkomulagið hefur þannig sömu áhrif og magntollarnir, þ.e. að halda uppi verði innanlands. Í ljósi þess að markmið stækkunar tollkvóta er aukin samkeppni á innanlandsmarkaði og meðfylgjandi lækkun vöruverðs er einsýnt að uppboðsfyrirkomulagið vinnur gegn settum markmiðum.


Í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 99/1993 segir „Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og skal andvirðið þá renna í ríkissjóð. Endurúthluta má tollkvótum sem ekki eru nýttir innan þess frests sem tilgreindur er við úthlutun kvótans.“ Í ljósi þess að uppboðsleiðin vinnur gegn yfirlýstum markmiðum þessara innflutningsheimilda leggja SA og SVP til að heimild til uppboða á tollkvótum verði alfarið felld brott. Samtökin telja að þess í stað skuli tollkvótum úthlutað endurgjaldslaust, en þó þannig að óheimilt verði að framselja þá. Einnig er ástæða til þess að breyta heimildarákvæðinu um endurúthlutun tollkvóta sem ekki eru nýttir á þann veg að þeim skuli undantekningarlaust endurúthlutað. Benda má á að í Noregi hefur úthlutun tollkvóta á t.d. osti verið háttáð þannig að hluti hans hefur verið úthlutað til verslunarkeðja í samræmi við markaðshlutdeild þeirra og afgangurinn verið opin til umsóknar fyrir hvern sem er.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið er gert ráð fyrir auknum tekjum ríkissjóðs vegna gjalda fyrir tollkvóta. Þar sem markmið stækkunar tollkvótanna er lækkan matvælaaverðs í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar, en ekki auknar tekjur ríkissjóðs, er nauðsynlegt að uppboð á tollkvótum verði lagt af.

Samtökin leggja því til að 2. mgr. 65. gr. laga 99/1993 verði svohljóðandi: „Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal heimilt að **skipta að lágmarki helmings tollkvótans milli umsækjenda samkvæmt markaðshlutdeild þeirra í viðkomandi vöruflokki en láta hlutkesti ráða úthlutun þess sem eftir stendur.** ~~eða leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og skal andvirðið þá renna í ríkissjóð.~~ **Aðila sem úthlutað hefur verið tollkvóta er óheimilt að framselja hann til annarra.** Endurúthluta **skal** má-tollkvótum sem ekki eru nýttir innan þess frests sem tilgreindur er við úthlutun kvótans.“


Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífins



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri

f.h. SVP- Samtaka verslunar- og þjónustu



Sigurður Jónsson,
framkvæmdastjóri